



Málstefna sveitarfélagsins Kjósarhrepps

1. Leiðarljós og gildissvið

Vandað, skýrt og auðskilið mál, hvort heldur ritað eða talað, skal viðhaft í allri þjónustu og stjórnsýslu Kjósarhrepps. Íslenska skal vera í öndvegi í samræmi við lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu. Í lögunum er kveðið á um að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og sjá til þess að hún sé notuð. Allar almennar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins skulu vera á íslensku og á öðrum tungumálum eftir því sem kostur er, sé þess óskað. Í rafrænni þjónustu Kjósarhrepps skal allt mál vera skýrt og auðskiljanlegt þannig að þjónustuþegi geti hæglega hagnýtt sér hana og lokið erindum sínum. Málstefna þessi tekur einnig mið af annarri stefnumörkun og skuldbindingum af hálfu Kjósarhrepps og byggir í grundvallaratriðum á jafnræði, trausti, gagnsæi, góðu aðgengi að upplýsingum og virðingu í samskiptum. Starfsfólk skal taka mið af stefnunni í störfum sínum og samskiptum og vanda allt mál í þjónustu og upplýsingamiðlun.

2. Í framkvæmd

Íslenska skal vera megin samskiptamál í allri þjónustu og stjórnsýslu nema í sérstökum aðstæðum sem krefjast þess að starfsmenn noti önnur tungumál t.d. í boðuðum viðtölum í skólum og félagsþjónustu þar sem þess gerist þörf. Auk þess skulu starfsmenn kalla eftir aðkomu túlka þegar nauðsynlega er talin þörf á. Allar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins, útgefið efni, rafrænt viðmót, fundargerðir og önnur gögn skulu vera á vandaðri, skýrri og auðskiljanlegri íslensku.

Allt efni sem skylt er að upplýsa íbúa og hagsmunaaðila um samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum skal birta á vandaðri íslensku. Sama gildir um skipulagsákvæðanir, grenndarkynningar, auglýsingar, tilkynningar, reglugerðir og aðrar samþykktir sveitarfélagsins.

Fjölbreytt tungumálakunnátta er auðlind. Meta skal þekkingu og menntun starfsfólks af erlendum uppruna að verðleikum og veita því aðstoð til að nýta sína tungumálaþekkingu samhliða því að ná góðum tókum á íslensku máli. Starfsfólk sem er í beinum samskiptum við þjónustuþega Kjósarhrepps, skal hafa góða færni í íslensku.

3. Ábyrgð

Sveitarstjórn ber ábyrgð á málstefnu Kjósarhrepps og ber ábyrgð á því að framfylgja henni. Málstefnu þessa skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Stefnan var samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps, 3. september 2025.

Kjósarhreppi, 3. september 2025

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri